

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar vegna gosminnisvarða og stígakerfis.

Skipulagsstofnun staðfesti 30. júní 2025 breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. maí 2025.

Í breytingunni felst að reistur verður gosminnisvarði á óbyggðu svæði ÓB-3. Þá verður ný gönguleið mótuð upp á Eldfell með útsýnisstöðum og tengingu við hringstíg sem fyrir er.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 30. júní 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 14. júlí 2025